



SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG



Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu
annars vegar

og

Fríhafnarinnar ehf

hins vegar gera með sér eftirfarandi

SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu
á kjarasamningi aðila.



Gildistími kjarasamnings

- 1. janúar 2019 til 31. október 2022
- Eingreiðsla greiðist fyrir árið 2019
- Afturvirkni launahækkana gildir frá 1. janúar 2020

Eingreiðsla

Eingreiðsla greiðist þann 1. júní 2020 að upphæð **250.000 kr** miðað við fullt starf.

Eingreiðsla greiðist á starfsmenn sem voru við störf 1. janúar 2019 til 31. desember 2019 og enn í starfi þann 1. janúar 2020. Greiðist hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Eingreiðslan í júní 2019 uppá **105.000 kr** dregst af.

Launahækkarnir

Launahækkarnir taka mið af lífskjarasamningnum

- Taxtalaun hækka um **90.000 kr.** á samningstímanum
- Eða að meðaltali tæplega 28 % á samningstímanum

- Almenn laun hækka um **68.000 kr.** á samningstímanum
- Eða að meðaltali um 18 % á samningstímanum

Launahækkarnir á taxtalaunum

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi hækka í grunnlaunum á eftirfarandi hátt:

- 1. janúar 2020 hækka laun um **17.000** krónur
- 1. apríl 2020 hækka laun um **24.000** krónur
- 1 janúar 2021 hækka laun um **24.000** krónur
- 1. janúar 2022 hækka laun um **25.000** krónur

Almennar launahækkanir

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi hækka í grunnlaunum á eftirfarandi hátt:

- 1. janúar 2020 hækka laun um **17.000** krónur
- 1. apríl 2020 hækka laun um **18.000** krónur
- 1 janúar 2021 hækka laun um **15.750** krónur
- 1. janúar 2022 hækka laun um **17.250** krónur

Fríhafnarskólinn tekur eftirfarandi breytingum:

- Hver lota gefur jafnt eða **3%** hækkun á grunnlaun (var 2, 2 ½ og 3)
- Allar námslotur geta hækkað grunnlaun í heildina um **9%** (í stað 7,5)
- Hver lota er sjálfstæð og hægt er að taka í hvaða röð sem er.
- Ljúka þarf lotu með námsmati til að fá hækkunina eins og áður

Stytting vinnuvikunnar úr 40 klst. í 36 klst.

- Skipa skal vinnuhóp sem gerir tillögu að útfærslu styttingar.
- Vinnuhópurinn er skipaður af 4 eintaklingum, 2 skipaðir af stjórnendum og 2 skipaðir af starfsmönnum Fríhafnarinnar.
- Tillögur eiga að vera kynntar starfsmönnum eigi síðar en 1. okt 2020.
- Bera þarf tillögurnar fyrir starfsmenn til samþykktar
- Nýtt vinnutímafyrirkomulag skal koma til framkvæmda í síðasta lagi 1. janúar 2021.

Orlof

- Við ráðningu 24 dagar og 10,17%
- Eftir 3 ár 27 dagar og 11,59% hjá Fríhöfninni
- Eftir 5 ár 30 dagar og 13,04% hjá Fríhöfninni
- Mögulegt er að fá vaktaálag í orlofi í stað orlofsfé. Slíkar óskir þurfa að liggja fyrir 1 apríl ár hvert.

Persónuuppbót

Desemberuppbót

Á árinu 2019 – 92.000

Á árinu 2020 – 94.000

Á árinu 2021 – 96.000

Á árinu 2022 – 98.000

Orlofsuppbót

Á árinu 2019 – 48.000

Á árinu 2020 – 51.000 + 2.000

Á árinu 2021 – 52.000

Á árinu 2022 – 53.000

Áunnin persónuuppbót skal gerð upp samhliða starfslokum

Viðbótarorlof greiðist á þá sem eiga rétt á orlofi árið 2020 upphæð 2.000 kr. bæting fyrir orlofsuppbótina 2019.

Samningsforsendur

Kjarasamningur þessi hvílir á eftirfarandi forsendum. Samningurinn byggir á sömu samningsforsendum og kjarasamningar á almennum markaði dags 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl 2019 verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Atkvæðagreiðsla

- ✓ **Atkvæðagreiðsla fer fram með rafrænum hætti**
- ✓ **Atkvæðagreiðsla hefst kl. 13:00 18. maí 2020 og lýkur 20. maí 2020 kl. 16:00.**

Takk fyrir